



UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins - Lagfæringar á gatnamótum Strandvegjar og Borgarvegjar fyrir gangandi og hjólandi (US190112 / US200048).

Á fundi skipulags- og samgönguráðs var eftirfarandi tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins vísað til umsagnar skrifstofu samgöngustjóra:

Lagt er til að gatnamót Strandvegs og Borgarvegs verði löguð og gerð aðgengilegri fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur. Það er flókið að fara þarna yfir fyrir þá sem eru gangandi og hjólandi þar sem ekki er sebrabraut eða undirgöng sem hægt er að nýta sér. Engar merkingar eru á þessum stöðum sem gefa öikumönnum til kynna að þarna má þvera göturnar af gangandi eða hjólandi vegfarendum. Óskað er eftir því að Skipulags- og samgöngusvið útfærir viðunandi lausn á þessum stað og komi lagfæringu sem fyrst til framkvæmdar til þess að forðast að slys verði á þeim sem þarna fara um.

Tekið er undir mikilvægi þess að tryggja öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda á gatnamótum Strandvegjar og Borgarvegjar með viðeigandi aðgerðum. Í slysagrunni Samgöngustofu hafa frá 2012 verið skráð 12 slys á gatnamótunum. Þar af eru m.a.eitt alvarlegt milli tveggja bifreiða og eitt slys með litlum meiðslum þar sem ekið var á hjóltreidamann sem þveraði Strandveg norðan gatnamótanna. Gönguleiðir skólabarna liggja að svo stöddu ekki um gatnamótin en ætla má að breyting verði þar á með nýrri byggð í Gufunesi á næstu árum.

Að mati skrifstofunnar er það ekki til þess fallið að auka öryggi vegfarenda að göngubrúveranir um gatnamótin verði merktar sem gangbrautir. Þess í stað er nauðsynlegt að endurhanna gatnamótin í þágu aukins umferðaröryggis og að taka við slíka endurhönnun tillit til nýrra tenginga við stíga á svæðinu. Gatnamótin eru á lista yfir nauðsynlegar umferðaröryggisaðgerðir en hafa ekki komið til framkvæmda til þessa vegna forgangsstöðunar umferðaröryggisaðgerða. Ákjósanlegt væri að geta lokið breytingum á gatnamótunum áður en til þess kemur að gönguleið skólabarna liggja um þau. Engin tímasetning eða áætlun liggur þó fyrir um hvenær af breytingum getur orðið.

Þorsteinn R. Hermannsson
samgöngustjóri